**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 23. desember 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans Í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg.**

Góðan dag,
Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans Í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg, birtist í Fréttablaðinu í gær, fimmtudaginn 22. desember 2022. Tillagan er í kynningu frá 22. desember 2022 til og með 7. febrúar 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðhttps://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/haskolinn-i-reykjavik-1

**Háskólinn í Reykjavík**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. nóvember 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. desember 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans Í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B ásamt stækkun á byggingarreit fyrir stakstæð hús á reitum C og D. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **22. desember 2022 til og með 7. febrúar 2023.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, **www.reykjavik.is, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. febrúar 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**
**Skrifstofufulltrúi**
Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111
thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is

Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is